

**2.2 Heimæðagjald.**B.1 Hús minni en 2.000 m<sup>3</sup>:

Fast gjald	99.225,00 kr.
Rúmmetrar umfram 600 m <sup>3</sup>	63,00 kr./m <sup>3</sup>

B.2 Hús stærri en 2.000 m<sup>3</sup>:

Fast gjald	187.425,00 kr.
Rúmmetrar umfram 2.000 m <sup>3</sup>	42,00 kr./m <sup>3</sup>
Rúmmetrar umfram 600 m <sup>3</sup> reiknast ekki á einbýlis-, rað- og parhús.	

**2.3 Innheimtugjald.**

C.1 Innheimtugjald hitaveitu 470,00 kr.

**2.4 Lokunargjald.**

D.1 Lokunargjald hitaveitu 1.575,00 kr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggst virðisaukaskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

3. gr.

*Samþykki og staðfesting.*

Gjaldskrá þessi, B-hluti, staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá Hitaveitu Hveragerðis, B-hluti, nr. 330, 3. maí 2000.

*Iðnaðarráðuneytinu, 18. janúar 2001.***Valgerður Sverrisdóttir.***Porgeir Örlygsson.***GJALDSKRÁ****Hitaveitu Húnaþings vestra.****I. KAFLI**

1. gr.

Hitaveita Húnaþings vestra selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða kunna að verða gerð í lögsagnarumdæmi Sveitarfélagsins Húnaþings vestra og hún hefur umráðarétt yfir eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfesta af iðnaðarráðherra nr. 63/2001 fyrir Hitaveitu Húnaþings vestra.

2. gr.

Hitaveita Húnaþings vestra lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja rennismæli eða stillanlegan hemil fyrir hámarksrennslis til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við rúmmetra samkvæmt rennismælinum eða það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð rennismæla og hemla og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

## 3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta.

Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal skrifleg beiðni um breytingu koma fram við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt vatnsnotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mínútulítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mínútulítra.

Ef kaupandi óskar að hemill eða mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til hitaveitunnar. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna, er heimilt að gera kaupanda að greiða álestrargjald. Sé frávik meira skal hitaveitan greiða kostnað við prófunina og leiðrétt reikning kaupanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði nema kaupandi eða Hitaveita Húnaþings vestra, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

## II. KAFLI

## 4. gr.

Hitaveita Húnaþings vestra rekur nú 2 aðskilin hitaveitusvæði og dreifikerfi með vatni sem hefur mismunandi hita eftir svæðum. Þessi svæði eru á Hvammstanga og á Laugarbakka. Gjald fyrir eininguna af heitu vatni ( $m^3$  eða l/mín) verða því mishá eftir svæðum. Fast gjald hjá þeim notendum á Hvammstanga sem kaupa heitt vatn eftir hemli skal vera krónur 616 pr. mán.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir.

Hvammstangaveita;

Vatnsgjald kr. 1.232 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

## 5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. og 8. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til skrifstofu Húnaþings vestra, í bönkum eða pósthúsum. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjaldldaga eða eigi síðar en á eindaga samkvæmt útsendum giróseðlum enda sé eindagi sem tilgreindur er á giróseðli síðar en 10 dögum frá gjaldldaga.

## III. KAFLI

## 6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Húnaþings vestra skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald
Allt að 400- 2.000 $m^3$	= 106.360 kr. fyrir allt að 400 $m^3$ og 82 kr./pr. $m^3$ þar yfir
2.000- 6.000 $m^3$	= 240.967 kr. fyrir 2.000 $m^3$ og 75 kr./pr. $m^3$ þar yfir
6.000-10.000 $m^3$	= 534.813 kr. fyrir 6.000 $m^3$ og 71 kr./pr. $m^3$ þar yfir
Meira en 10.000 $m^3$	= 805.218 kr. fyrir 10.000 $m^3$ og 51 kr./pr. $m^3$ þar yfir

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

## 7. gr.

Gjöld samkv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er Hitaveitu Húnaþings vestra heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

## IV. KAFLI

## 8. gr.

Samkvæmt ákvæðum í 2. gr. er heimilt að selja heitt vatn til einstakra notenda um rúmmetramæli. Hitaveitan setur upp slíka mæla og sér um viðhald og endurnýjun þeirra. Hjá notendum er kaupa vatn samkvæmt rúmmetramæli er heimilt að innheimta mælaleigu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns skal vera:

Hvammstangaveita kr. 57,40

Laugarbakkaveita kr. 29,00

Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera kr. 616,00 pr. mánuð.

## 9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda skv. 79. gr. laga nr. 58/1967, með síðari breytingum.

## 10. gr.

Hitaveita Húnaþings vestra hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með fimm daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er. Gjaldið skal vera það sama og mánaðarleiga á mæli skv. 8. gr. gjaldskrár þessarar í hvert skipti og gjald fyrir mælaálestur (aukaálestur skal vera það sama og mánaðarleiga á mæli skv. 8. gr. þessarar gjaldskrár).

Eftirlitsmanni Hitaveitu Húnaþings vestra skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Við gjaldskrána bætist virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 14. september 2000 staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 57/1967 með síðari breytingum, til að taka gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga, nr. 228, 13. maí 1991 og gjaldskrá Hitaveitu Ytri-Torfustaðahrepps, nr. 59, 4. febrúar 1994.

*Iðnaðarráðuneytinu, 18. janúar 2001.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Porgeir Örlygsson.*